

Þingsályktun

**um samkomulag milli Íslands og Grænlands um skipti á
útsendum sendifulltrúum og milli Færeyja og Grænlands
um skipti á opinberum sendifulltrúum.**

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að kanna grundvöll þess að gera samkomulag við landsstjórn Grænlands um að löndin skiptist á útsendum sendifulltrúum þegar aðstæður leyfa. Færeyjar og Grænland eru jafnframt hvött til að skiptast á opinberum sendifulltrúum.

Samþykkt á Alþingi 10. maí 2010.